

**Mál nr. 54/2015**  
**M og**  
**V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 v/ bifreiðarinnar B.**

**Umferðaróhapp við Blikaás 14. desember 2014.**

**Gögn.**

1. Málskot móttakið 10. febrúar 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V2 dags. 26. febrúar 2015.
3. Bréf V1 dags. 12. mars 2015.

**Málsatvik.**

Í sameiginlegri tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að báðir ökumenn hafi verið að aka aftur á bak þegar árekstur varð, ökumaður bifreiðar A ók eftir akstursleið götu en ökumaður bifreiðar B að því er virðist út frá bifreiðastæði. Af myndum á sömu tjónstilkynningu má ráða að ákoma hafi orðið á stuðara og bretti vinstra megin aftan á bifreið A en á afturstuðara og ljósi á hægri afturhorni bifreiðar B.

M, sem ökumaður A, telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftur á bak á bifreið A sem hafi þá verið kyrrstæð. M vísar til þess að hann hafi fyllt tjónstilkynningu ranglega út m.t.t. upplýsinga um að bifreið A hafi verið kyrrstæð en það hafi þó verið þannig.

Bæði váttryggingafélög, V1 og V2, vísa til tjónstilkynningar og telja að skipta eigi sök til helminga þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak.

**Álit.**

Í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að ökumaður sem ekur aftur á bak skuli ganga úr skugga um að það sé gert án óþæginda fyrir aðra. Ljóst er af gögnum málsins að báðir ökumenn óku aftur á bak fyrir áreksturinn og bar þeim báðum að fylgja fyrirmælum fyrrnefndrar 1. mgr. 17. gr. Ekki liggur fyrir fullnægjandi sönnun á því að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið búinn að stöðva bifreið sína fyrir áreksturinn eða að það hafi verið gert það löngu áður að máli skipti við sakarskiptingu. Verður því að líta svo á að hvorugur ökumanna hafi gætt nægilega að sér og verður ekki lögð meiri sök á annan en hinn.

**Niðurstaða.**

Sök skiptist til helminga milli bifreiða A og B.

Reykjavík 14. apríl 2015.

\_\_\_\_\_  
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

\_\_\_\_\_  
Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

\_\_\_\_\_  
Jón Magnússon hrl.